

STJÓRNARTÍÐINDI A 6 — 1982

Nr. 8.

10

19. mars 1982.

LÖG

um breytingu á lögum nr. 5 7. mars 1962, um sveitarstjórnarkosningar, sbr. lög nr. 5 6. apríl 1966 og lög nr. 7 2. maí 1978.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 12. gr. laganna bætist:

Þegar kosning er óhlutbundin er kjörstjórn skylt, að talningu lokinni, að setja alla notaða kjörseðla undir innsigli kjörstjórnar.

Að kærufresti loknum eða að fullnaðarúrskurði uppkveðnum varðandi kosninguna, ef kosningin hefur verið kærð, skal kjörstjórn eyða hinum innsigliðu kjörseðlum og telst störfum hennar ekki lokið varðandi kosninguna, fyrr en svo hefur verið gert og yfirlýsing þar um innfærð í kjörbók og undirrituð af kjörstjórn.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 19. mars 1982.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Svavar Gestsson.

Nr. 9.

LÖG

19. mars 1982.

um breyting á sveitarstjórnarlögum, nr. 58 29. mars 1961.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. mgr. 17. gr. laganna orðist svo:

Almennar sveitarstjórnarkosningar í bæjum og þeim hreppum, þar sem fullir $\frac{3}{4}$ hlutar íbúanna eru búsettir í kaптúni, fara fram síðasta laugardag í maímánuði, sem ekki ber upp á aðfangadag hvítasunnudags, en aðrar sveitarstjórnarkosningar síðasta laugardag júnímánaðar.

2. gr.

18. gr. laganna orðist svo:

Kosningarrétt til sveitarstjórna eiga allir, sem

- a) eru 20 ára þegar kosning fer fram,
- b) eru íslenskir ríkisborgarar,
- c) eru ekki sviptir lögræði,
- d) eiga lögheimili á Íslandi.

Nú eiga ákvæði 10. gr. lögheimilislaga nr. 35/1960 við um hagi manns og telst hann þá ekki hafa firrt sig kosningarrétti við sveitarstjórnarkosningar, þótt hann hafi tilkynnt flutning samkvæmt Norðurlandasamningi um almannaskráningu, enda fullnægi hann að öðru leyti skilyrðum í 1. mgr.

Enn fremur eiga kosningarrétt danskir, finnskir, norskir og sænskir ríkisborgarar, sem fullnægja skilyrðum a-, c- og d-liða 1. mgr., enda hafi þeir átt lögheimili á Íslandi í þrjú ár samfellt miðað við 1. desember næstan fyrir kjördag.

Hver maður á kosningarrétt í því sveitarfélagi, sem hann á lögheimili í, þegar framboðsfrestur rennur út.

Kjörstjórnir í þeim sveitarfélögum, þar sem kosningar fara fram síðasta laugardag í júní, skulu sérstaklega ganga úr skugga um að þeir einstaklingar, sem flutt hafa lögheimili sitt á tímabilinu milli kjördaga, hafi eigi neytt atkvæðisréttar í öðru sveitarfélagi.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 19. mars 1982.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Svavar Gestsson.

19. mars 1982.

LÖG

Nr. 10.

um breyting á lögum um sveitarstjórnarkosningar, nr. 5 7. mars 1962.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 4. gr. laganna bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Tilkynningar um aðsetursskipti, sem berast sveitarstjórn eftir að kjörskrá er samin, skal fara með eins og kjörskrárkærur.

2. gr.

Við 7. gr. laganna bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Kjörseðlar við kosningu sýslunefndarmanna skulu gerðir með sama hætti og kjörseðlar við hreppsnefndarkosningu, en með öðrum lit.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Við hinar almennu sveitarstjórnarkosningar, sem fram eiga að fara 22. maí 1982, skal leggja kjörskrá fram einum mánuði fyrir kjördag, og skal hún liggja frammi í tvær vikur.

Gjört í Reykjavík, 19. mars 1982.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Svavar Gestsson.